



Ríkiskaup
Borgartúni 7c
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2021

Efni: Staðfesting á áhuga á mögulegu hlutverki söluráðgjafa með sölu á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka

Arion banki lýsir hér með yfir áhuga á að taka að sér hlutverk söluráðgjafa með vísan til auglýsingar sem birt var á sameiginlegum auglýsingavettvangi opinberra útboða dagsettri 2. febrúar 2021 vegna mögulegrar sölumeðferðar á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka. Hér á eftir fer nánari útlitun á umbeðnum upplýsingum og hæfi Arion banka til þess að sinna hlutverki söluráðgjafa í tengslum við ofangreinda sölumeðferð.

Arion banki staðfestir hér með að hafa kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 og sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka og samþykkir fyrir sitt leyti að bréf þetta verði birt opinberlega.

Upplýsingar um ráðgjafa

Arion banki hf., kennitala: 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Tengiliður er:

Þórbergur Guðjónsson, verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Arion banka
Sími: +354 856 6823
Tölvupóstur: thorbergur.gudjonsson@arionbanki.is

Arion banki er alhliða banki með starfsstöðvar á Íslandi, en þjónar þó einnig fyrirtækjum í sjávarútvegstengdum greinum í Evrópu og Norður-Ameríku. Þjónustusvið bankans eru þrjú; viðskiptabankasvið, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið og markaðir. Dótturfélögin Stefnir og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans.

Bankinn býður upp á alla helstu þjónustu fyrir fyrirtæki og fjárfesta. Þjónustan nær m.a. til sölu og útgáfu hlutafjár, skráningu fjármálagerninga á skipulega verðbréfamarkaði og kaupa og fjármögnunar fyrirtækja. Bankastjóri er Benedikt Gíslason og aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingabankasviðs er Ásgeir H. Reykfjörð Gylfason.

Allar upplýsingar um gild starfsleyfi Arion banka hf. er að finna á vef Fjármáleftirlits Seðlabanka Íslands.

Fjölþætt reynsla af sölu á eignarhlutum og almennum útboðum

Arion banki hefur yfirgripsmikla reynslu af sölu á eignarhlutum og almennum útboðum hvort sem um ræðir fyrir fyrirtæki sem starfa hérlendis eða á alþjóðlegum mörkuðum.

Síðasta áratug hefur Arion banki verið ráðandi í umsjón á almennum útboðum fyrirtækja á Íslandi. Frá árinu 2015 hefur Arion banki verið umsjónaraðili fimm af þeim átta frumútboðum sem hafa verið haldin vegna skráningar á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Auk þess hefur bankinn annast séð um sjö af þeim 13 almennum útboðum sem haldin hafa verið á Íslandi síðan 2015, en heildarsöluandvirði þeirra nemur samtals 120 ma.kr. Á árunum 2010-2015 hafði bankinn umsjón með útboðum og skráningum fjögurra félaga að heildarsöluandvirði 37,6 ma.kr. Arion banki hafði ásamt öðrum umsjón með tvískráningu Marel í Amsterdam og bankans sjálfs í Stokkhólmi. Arion banki hefur jafnframt haft umsjón með útgáfu og útboðum ýmissa skuldabréfa.



Almenn útböð og skráningar

	2021	Arion banki er einn af umsjónaraðilum lokaðs útböðs Arctic Fish, ásamt DNB og Pareto Securities. Félagið stefnir að skráningu á Euronext Growth Market Oslo í febrúar 2021. Um er að ræða sölu á nýjum hlutum auk útgefna hluta í eigu núverandi hluthafa að andvirði allt að 600 m. NOK.
	2020	Arion banki var einn af umsjónaraðilum, ásamt DNB og Arctic Securities, lokaðs útböðs Icelandic Salmon (áður Arnarlax) að andvirði 647 m. NOK og skráningu á Euronext Growth Market Oslo. Útböðið vakti mikinn áhuga fagfjárfesta og var verulega umframeftirspurn.
	2019	Umsjónaraðili almenns útböðs og forgangsréttarútböðs TM hf. á um 94 milljónum hluta í formi nýrra hlutabréfa (um 14% af markaðsvirði félagsins) og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Andvirði útböðsins nam 3 mö.kr. og myndaðist mikil umframeftirspurn, yfir 7 ma.kr.
	2019	Umsjónaraðili almenns útböðs á Íslandi á um 91 milljón hluta í formi nýrra hlutabréfa og töku þeirra til viðskipta í Euronext í Amsterdam. Arion banki var m.a. í samstarfi við J.P. Morgan og Citibank en andvirði útböðsins nam EUR 336,4m., en margföld umframeftirspurn var frá bæði fagfjárfestum og almennum fjárfestum.
	2018	Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með útgáfu á 221 milljón nýjum hlutum að andvirði um 5,4 mö.kr. og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.
	2018	Arion banki var umsjónaraðili almenns útböðs Arion banka og skráningu á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm árið 2018. Í útböðinu var um 26% eignarhlutur í boði að andvirði 39 ma.kr. Margföld umframeftirspurn var í útböðinu á því verði sem viðskipti fóru fram á. Hlutabréf voru seld til almennra fjárfesta í Íslandi og Svíþjóð sem og fagfjárfestum frá Íslandi, Bandaríkjunum og Evrópu.
	2016	Umsjónaraðili almenns útböðs Skeljungs hf. á 31,5% hlut og töku til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Heildarsöluandvirði nam 4,6 mö.kr og var heildareftirspurn yfir 12 ma.kr.
	2015	Umsjónaraðili almenns útböðs Símans á 21% hlut og töku til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Heildarsöluandvirði nam 6,7 mö.kr en heildareftirspurn var um 32 ma.kr.
	2015	Umsjónaraðili almenns útböðs Eikar fasteignafélags á um 14% hlut og töku til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Heildarsöluandvirði nam 3,3 mö.kr og heildareftirspurn var 8,3 ma.kr.
	2015	Umsjónaraðili almenns útböðs Reita fasteignafélags á 13% hlut og töku til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Heildarsöluandvirði nam 6,4 mö.kr og heildareftirspurn var um 25,5 ma.kr.



Undanfarið ár var um margt sérstakt og endurspeglandi sú staða að einhverju leyti á verkefnum fyrirtækjaráðgjafar Arion banka, en talsvert var um sölu eignarhluta í fyrirtækjum. Á árinu 2020 sá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka um söluferli á hugbúnaðarfyrirtækinu dk hugbúnaður, alþjóðlegu ferðaskrifstofunni Terra Nova Sól, sölu á 11% hlut Frumtaks í tæknifyrirtækinu Controlant og útgáfu á nýju hlutafé hjá Controlant. Þá hafði fyrirtækjaráðgjöf Arion banka umsjón með sölu á hlutafé í Icelandic Salmon.

Sala á eignarhlutum


 dk hugbúnaður	2020	Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með söluferli 100% hlutafjár í dk hugbúnaði ehf. Kaupandi var hollenska fyrirtækið Total Specific Solutions sem stýrir um 85 hugbúnaðarfyrirtækjum í Evrópu. Viðskiptin voru ein stærstu fyrirtækjaviðskipti ársins á Íslandi.
 Controlant	2020	Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með 2 ma.kr. hlutafjárútboði Controlant hf. þar sem m.a. íslenskir fagfjárfestar á borð við lífeyrissjóði og tryggingafélög tóku þátt, auk innlendra og erlendra fjárfesta. Jafnframt seldi Arion banki breytanleg skuldabréf félagsins fyrir um 1,3 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2020 og lokaði þeim viðskiptum þegar heimsfaraldur kórónuveirunnar geisaði og mikil óvissa ríkti á mörkuðum.
 FRUMTAK VENTURES  Controlant	2020	Frumtak, samlagssjóður í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, lífeyrissjóða og banka, seldi um 11% hlut sjóðsins í Controlant fyrir nærri 2 ma.kr. Umsjón söluferlis var í höndum Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka og áhugi innlendra og erlendra fjárfesta var mikill.
 Terra Nova	2020	Arion banki hafði umsjón með söluferli á 100% hlut í Terra Nova Sól ehf. Kaupandi var Nordic Visitor.
 STOÐIR	2019	Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með söluferli á 19% hlut í Stoðum hf. til dreifðs hóps fjárfesta.
 FARICE 	2019	Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með söluferli á 38% hlut í Farice ehf. til íslenska ríkisins að andvirði 740 m.kr.
 EDITION	2016	Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með hlutafjáröflun Cambridge Plaza Hotel VC vegna byggingar á fimm stjörnu Marriott Edition hóteli við Austurhöfn í Reykjavík.

Öflug miðlun og góður stuðningur við eftirmarkað

Starfsmenn Arion banka hafa mikla þekkingu á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Markaðsviðskipti Arion banka sinna miðlun á innlendum og erlendum verðbréfum fyrir viðskiptavinum bankans. Deildin hefur á að skipa reynslumiklum hópi sérfræðinga með viðtækt alþjóðlegt tengslanet fjárfesta og annarra markaðsaðila, góðum upplýsingakerfum og traustum uppgjörferlum. Arion banki hefur undanfarið ár haldið sterkri stöðu í veltu verðbréfa á aðalmarkaði Nasdaq Iceland og var á árinu 2020 með mestu hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfmarkaði, fimmta árið í röð.



Hlutdeild Arion banka í markaðsveltu hlutabréfa á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland



Heimild: Nasdaq Iceland

Arion banki gegnir mikilvægu hlutverki á íslenskum hluta- og skuldabréfamarkaði líkt og undanfarin ár og er einn stærsti viðskiptavaki í Kauphöllinni á Íslandi. Núna sinnir Arion banki viðskiptavakt á 11 hlutafélögum og 33 skuldabréfaflokkum fyrir 6 útgefendur. Arion banki hefur alla burði og þekkingu til að taka að sér hlutverk viðskiptavaka með hlutabréf Íslandsbanka.

Arion banki leitast við að vera virkur þátttakandi í umræðu á opinberum vettvangi um efnahagsmál og verðbréfamarkaði. Arion banki gefur reglulega út greiningar á efnahagsmálum og einstaka mörkuðum, stendur fyrir kynningum og ráðstefnum auk þess að styðja umræðu og greiningu með áskriftarsamningum við sjálfstæða greiningaraðila. Greining á einstaka útgefendum hefur hins vegar verið löguð að fyrirhuguðum lagabreytingum í anda MiFIDII. Í því felst að bankinn viðheldur miklu reglulegu upplýsingaflæði til sinna viðskiptavina um útgefendur á markaði án þess þó að veita opinbera fjárfestingarráðgjöf.

Arion banki gaf um árábil út greiningar á einstaka útgefendum. Þekking, geta og metnaður til að sinna slíkri útgáfu er til staðar hjá bankanum sé þess óskað af útgefendum og viðskiptavinum bankans.

Arion banki hefur mikla þekkingu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og alþjóðlegu samstarfi

Starfsfólk Arion banka hefur mikla reynslu og þekkingu á alþjóðlegum mörkuðum og góð tengsl við fjölmarga banka, ráðgjafa og fjárfesta erlendis. Viðskiptavinir bankans hafa notið góðs af því og lánar bankinn oft samhliða erlendum lánastofnunum til innlendra aðila. Er það einna helst til stærri fyrirtækja í atvinnugreinum eins og sjávarútvegi, fiskeldi, orku, flutningum og innviðum. Íslensku bankarnir eru ásamt ríkinu og Seðlabankanum fremstir í flokki í útgáfum á erlendra grundu. Arion banki gaf út fyrstu víkjandi skuldabréfaútgáfu íslensks fjármálafyrirtækis, AT1 skuldabréf að upphæð 100 milljónir dollara árið 2020. Auk þess er Arion banki með EMTN útgáfuramma og nam heildarútgáfa árið 2019 um 14 ma.kr. Bankinn sinnti einnig ráðgjöf með erlendra útgáfu skuldabréfa Landsvirkjunar í EMTN útgáfuramma félagsins án ríkisábyrgðar árið 2015.

Arion banki hefur mikla reynslu af samstarfi við stóra erlenda fjárfestingarbanka og sölustarfi hlutabréfa bæði hér og á erlendra grundu. Sem dæmi má nefna tvískráningarverkefni Arion banka sjálfs á aðalmarkað hér á landi og í Stokkhólmi. Þá tók Arion banki að sér umsvifamikið ráðgjafahlutverk í tengslum við tvískráningu Marel á markað í Hollandi samhliða sölu nýs hlutafjár. Bankinn var einnig ráðgjafi og söluaðili vegna skráningar Icelandic Salmon á Euronext Growth markaðinn í Osló og vinnur þessa dagana að skráningu laxeldisfyrirtækisins Arctic Fish á sömu kauphöll. Mikil þekking og reynsla hefur byggst upp í farsælu samstarfi bankans við bæði innlenda og erlenda fjárfestingarbanka.

Samfélagsábyrgð og árvekni gagnvart mögulegum hagsmunarárekstrum

Hjá Arion banka er lögð áhersla á að samfélagsábyrgð sé hluti af daglegri starfsemi, ákvarðanatöku og ferlum. Skýrslugjöf um samfélagsábyrgð og sjálfbærni er hluti af árs- og samfélagsskýrslu bankans og er unnin í samræmi við Global Reporting Initiative staðalinn, GRI Core. Við miðlun upplýsinga um ófjárhagslega þætti í starfseminni er einnig notast við UFS leiðbeiningar Nasdaq á Norðurlöndunum og 10 grundvallarviðmið Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Einnig er horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en framkvæmdastjórn bankans hefur samþykkt sex markmið sem megináhersla er lögð á.

Arion banki er virkur þátttakandi í bæði innlendu og erlendu samstarfi á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Bankinn er meðal annar aðili að meginreglum um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible investment, meginreglum um ábyrga bankastarfsemi, Principles for Responsible banking, UN Global Compact og er einn af stofnaðilum IcelandSIF, félags fjárfesta um ábyrgar fjárfestingar. Bankinn hefur hlotið jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins og hefur hlotið viðurkenningu



sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Arion banki hlaut árið 2020 framúrskarandi einkunn í UFS áhættumati Reitunar og fékk 86 stig af 100 mögulegum. Um þrjátíu innlendir útgefendur hafa farið í gegnum mat Reitunar og er meðaleinkunn þeirra 60 stig.

Það er stefna Arion banka að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni umbjóðenda bankans. Reglulega er framkvæmt áhættumat og þeir hagsmunárekstrar sem geta komið upp greindir auk þess sem lögð er mikil áhersla á aðskilnað starfseininga sem sinna hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur. Verði fyrirtækjaráðgjöf Arion banka ráðin ráðgjafi í mögulegri sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka verður með hefðbundnum hætti stillt upp aðskilnaði á starfsfólki, gögnum og eftir atvikum vinnurými til að gæta að því að eingöngu þeir starfsmenn sem vinna að verkefninu hafi aðgang að upplýsingum því tengdu. Bankinn býr að tölvukerfum og ferlum sem gera honum kleift að stýra aðgangi að viðkvæmum upplýsingum.

Viðunandi skilmálar

Arion banki er reiðubúinn að taka að sér verkefni söluráðgjafa gegn hefðbundnu og samkeppnishæfu endurgjaldi fyrir ráðgjöf og umsjón með verkefninu. Þóknunin myndi einna helst ráðast af því hvort markmiðum seljenda hafi verið náð, þ.e. hvort skráningin hafi heppnast vel og seljandi hafi fengið ásættanlegt verð fyrir eignarhlut sinn. Arion banki er reiðubúinn að leggja fram skuldbindandi tilboð þegar Bankasýslan leitar eftir.

Reynslumiklir sérfræðingar munu stuðla að farsælu sölufarli

Lýður Þór Þorgeirsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Arion banka



Lýður tók við starfi forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar í september 2019 eftir að hafa verið framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs frá október 2017. Frá árinu 2010 til 2017 starfaði Lýður hjá GAMMA Capital Management hf., fyrst sem sjóðstjóri ýmissa fagfjárfestisjóða og sem framkvæmdastjóri sérhæfðra fjárfestinga frá árinu 2013. Lýður starfaði hjá Kaupþingi frá 2009 til 2010 þar sem hann var lánastjóri erlendra fyrirtækjalána en áður starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf hjá Arion banka og forvera hans frá árinu 2007. Á árunum 2000-2005 starfaði Lýður hjá Íslandsbanka við skuldsetta fjármögnun fyrirtækja og áhættustýringu.

Lýður er með MBA gráðu frá MIT Sloan School of Management og B.Sc.-gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands auk prófs í verðbréfavíðskiptum.

Þórbergur Guðjónsson, verkefnastjóri í Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka



Þórbergur hóf störf í fyrirtækjaráðgjöf við stofnun bankans árið 2008. Þar áður starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi banka árin 2007-2008. Í störfum sínum hefur hann komið að fjölmörgum skráningum, bæði á innlendum og erlendum mörkuðum, auk annarra verkefna tengdum kaupum og solum fyrirtækja. Á árunum 2003-2006 starfaði Þórbergur hjá Sparisjóði Mýrasýslu. Hann hefur jafnframt sinnt stjórnarstörfum hjá Sparisjóði Mýrasýslu, Sparisjóði Ólafsfjarðar og Afli sparisjóði, auk þess að hafa setið í varastjórn Valitor.

Þórbergur er með meistaraþáttunum í fjármálum frá háskólanum í Edinborg og B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst auk prófs í verðbréfavíðskiptum. Jafnframt hefur Þórbergur lokið CFA (e. Chartered Financial Analyst).



Elka Ósk Hrólfsdóttir, sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf



Elka Ósk hóf störf í fyrirtækjaráðgjöf árið 2018. Áður starfaði Elka Ósk sem skrifstofustjóri GAMMA Capital Management hf. á árunum 2016-2018. Þar áður starfaði Elka Ósk sem fyrirtækjaráðgjafi í Arion banka á árunum 2014-2016.

Elka Ósk hefur aflað sér fjölbreyttrar reynslu af fjármálamörkuðum, m.a. greiningu og gerð fjárfestakynninga og annars kynningarefnis vegna útboða verðbréfa. Elka Ósk hefur mikla þekkingu á útgáfu, sölu og skráningu verðbréfa, svo sem hvað varðar ritstjórn, gerð og yfirllestur lýsinga.

Elka Ósk er með B.Sc. í hagfræði frá HÍ auk prófs í verðbréfavíðskiptum.

Þórarinn Óli Ólafsson, forstöðumaður markaðsviðskipta Arion banka



Þórarinn tók við starfi forstöðumanns markaðsviðskipta í september 2019. Þórarinn er með yfir 20 ára reynslu af fjármálamörkuðum. Hann starfaði áður sem sérfræðingur í fjármálum og rekstri á fjárfestingarbankasvið Arion banka. Þar áður hjá Íslandsbanka og forverum sem m.a. forstöðumaður fjármála og reksturs Markaða, aðstoðarmaður bankastjóra, forstöðumaður bakvinnslu Markaða og verðbréfamiðlari.

Þórarinn er viðskiptafræðingur með meistaraþráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands og með próf í verðbréfavíðskiptum.

Önnur atriði sem mögulegur ráðgjafi telur mikilvægt að koma á framfæri

Arion banki vill ítreka og undirstrika reynslu sína af því að vinna með erlendum og innlendum ráðgjöfum í stórum ráðgjafar- og miðunarverkefnum með alþjóðlega skírskotun. Reynsla, þekking og tengslanet sem Arion banki og starfsmenn hans hafa aflað sér, m.a. í tengslum við tvískráningu Arion banka árið 2018 og Marel árið 2019 mun án nokkurs vafa nýtast vel við söluferli hlutabréfa í Íslandsbanka. Til marks um það traust sem Arion banki nýtur hjá félögum, fjárfestum og öðrum markaðsaðilum má jafnframt nefna hlutverk bankans við nýskráningu Icelandic Salmon á norskan hlutabréfamarkað og væntrar skráningar Arctic Fish á sama markað.

Almennt hlutafjárútboð Íslandsbanka er þjóðhagslega mikilvægt verkefni og liður í frekari þátttöku almennings á innlendum fjármálamarkaði. Arion banki lýsir sig reiðubúinn til að vinna verkefnið í samstarfi við aðra aðila á innlendum fjármálamarkaði sem og erlenda fjárfestingarbanka.

Virðingarfyllt,

Lýður Þór Þorgeirsson
Forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar